

Alþingi
Erindi nr. P 130/197
komudagur 19.11.2003



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

SA/

Rvk. 19.11.2003

Frumvarp um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, 7. mál.


Í greinargerð með frumvarpinu er efni þess m.a. lýst á eftirfarandi hátt. „Veigamesta breyting frumvarpsins felst þó í því að takmarka starfsheimildir viðskiptabanka og sparisjóða með þeim hætti að þeim verði óheimilt að kaupa verðbréf eða hlutabréf í fyrirtækjum í því skyni að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila, sameina hana annarri starfsemi, skrá viðkomandi verðbréf og selja þau almenningi. Slík starfsemi hefur verið flokkuð sem fjárfestingarbankastarfsemi og gerir frumvarpið ráð fyrir því að einungis lánaþyrirtækjum eins og þau eru skilgreind í lögnum verði heimil slík starfsemi. Með þessu er framkallaður skýr aðskilnaður milli viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi.“

Eitt meginhlutverk banka er að leiða saman fjármagnseigendur og athafnamenn. Þróun fjármagnsmarkaðar hefur verið mikil á undanförunum árum og hefur m.a. leitt til þess að bankarnir rækja það milligönguhlutverk sitt ekki bara með því að útvega lánsfé heldur einnig að finna góð tækifæri sem kunna að liggja annars staðar fyrir viðskiptavinum sína.

Vissulega þurfa bankar að fara með gát í sínum viðskiptum, enda er það þeim sjálfum í hag. Þannig geta t.d. skarast hlutverk fjárfestingabankans annars vegar og viðskiptabanka einstakra fyrirtækja hins vegar. Samkeppni á markaði gerir það hins vegar að verkum að bankarnir þurfa stöðugt að standa vörð um trúverðugleika sinn gagnvart ólíkum viðskiptavinum og slík skörun ætti því ekki að vera sérstakt áhyggjuefni.

Samtök atvinnulífsins telja óeðlilegt að takmarka athafnafrelsi banka og sparisjóða með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir og mælir því gegn samþykkt þess.

Virðingarfyllt,


Hannes G. Sigurðsson